

# DREKASKÁTAMÓT 2022

## FYRSTA UPPLÝSINGABRÉF



Mótið verður frábrugðið mótum fyrri ára að því leiti að það verður 2 nætur - frá föstudegi fram á sunnudag - þar sem það eru aldursbilamót í sumar.

Mótsgjaldið til BÍS verður 7.000 kr. fyrir þátttakendur og 3.000 kr. fyrir foringja. Fyrir hverja 10 þátttakendur sem skrá sig fær félagið 1 foringja frían. Innifalið í gjaldinu er öll dagskrá, gisting, einkenni og sameiginleg kvöldmáltíð á laugardeginum.

Dagskrá hefst seinnipartinn á föstudeginum en nánari upplýsingar um hana munu berast síðar. Tillit verður tekið til sóttvarna hverju sinni.

Skráning fyrir þátttakendur og foringja mun opna þriðjudaginn 1. febrúar, í ár verður skráning sett upp með þeim hætti að BÍS mun innheimta mótsgjaldið beint frá þátttakendum og félögin innheimta sameiginlegan kostnað. Þannig þarf félagið að setja upp aðra skráningu innan síns félags og setja þar verðið fyrir sameiginlega kostnaðinum. 10% af mótsgjaldi verður staðfestingargjald sem ekki verður endurgreitt ef viðburðurinn fellur niður af óviðráðanlegum ástæðum. Skráning á viðburðinn hjá BÍS fer fram í Sportabler á <https://skraning.skatar.is>.

Við hvetjum Drekaskátaforingja til að fara yfir þessi atriði (hér að neðan) með skátunum ykkar fyrir mótið. Þau munu nýtast vel sem undirbúningur fyrir mótið sem er fyrir mörgum skátum fyrsta útilegan.

- Útbúnaður - Hvernig er best að pakka fyrir tjaldútilegu á Íslandi. Gott er að minna krakkana á að þau geta fengið búnað lánaðan hjá vinum og ættingjum og þurfa ekki að kaupa allt nýtt. Leggja áherslu á góða dýnu og svefnpoka, ef skátarnir sofa vel og er hlýtt gengur allt hitt betur.
- Tjöldun – Sniðugt er að kenna þeim að tjalda tjöldunum sem þau munu sofa í á mótinu. Einnig er þetta sniðugur tími til að yfirfara tjöldin.
- Matur - Hvernig er best að elda mat í útilegu. T.d. á prímus eða Muurikku.
- Hnútar – Fara yfir hnúta sem þau geta nýtt sér t.d. fánahnútur sem er sniðugur í fánaathöfn og hestahnútur sem er tilvalin í súrringar.



- Söngvar - Það er alltaf skemmtilegast þegar allir geta tekið undir á kvöldvökunni. Kenna þeim hin klassísku kvöldvökulög s.s. Ó stælti skáti, Skátasyrpuna, Þytur í laufi og Bakpokann.
- Skemmtiatriði - Skemmtiatriði lífga upp á kvöldvökur og færir skátunum hlutdeild í þeim, þess vegna er um að gera að sveitin undirbúi flott skemmtiatriði fyrir mótið.
- Búningar og tjaldbúðaskreytingar - Til að gera mótið sem skemmtilegast væri gaman ef krakkarnir kæmu með búninga í takt við þemað. Síðan er tilvalið að sveitin fündri saman tjaldbúðaskreytingu sem mun prýða mótssvæðið meðan á mótinu stendur.
- Flokkun - Við munum flokka á mótinu; pappa, plast og almennt rusl og er því um að gera að kenna drekaskátunum í hvaða tunnu ruslið þeirra á að fara og að undirbúa sorphirðu í tjaldbúð félagsins samkvæmt því.

Þessi listi er að sjálfsögðu ekki tæmandi en við teljum að mótið verði mun skemmtilegra ef allar sveitir fara yfir þessi atriði 😊

Allar spurningar má senda á [drekaskatamot@skatarnir.is](mailto:drekaskatamot@skatarnir.is)

